

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 504/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Reyni Sigurjóni Sigurjónssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Svipting ökuréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. desember 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun málsins til ómerkingar á héraðsdómi og heimvísunar þess og til endurskoðunar á niðurstöðum, byggðum á mati á sönnunargildi annarra gagna en munnlegs framburðar fyrir dómi, sbr. c- og d-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Í bréfi til Hæstaréttar 1. febrúar 1995 var lýst yfir af hálfu ákærða, að hann leitaði einnig endurskoðunar á niðurstöðum hins áfrýjaða dóms, sem byggðist á skýringu eða beitingu réttarreglna, sbr. b-lið fyrrnefndrar lagagreinar. Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvalds.

Af hálfu ákærvalds hefur málinu verið áfrýjað til þyngingar á refsingu ákærða og frekari sviptingar ökuréttar en honum var gerð í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt skýlausri yfirlýsingu ákærða til ríkissaksóknara, dagsettri 15. desember 1994, áfrýjaði hann héraðsdómi til að „fá hnekt niðurstöðum héraðsdóms með vísan til c- og d-liðar 7. gr. laga nr. 37/1994“. Þar sem áfrýjunarfrestur samkvæmt 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 11. gr. laga nr. 37/1994, var liðinn, þegar því var lýst af hálfu ákærða, að hann æskti, að áfrýjun sín næði einnig til endurskoðunar á niðurstöðum, sem byggðust á skýringu eða beitingu réttarreglna, kemur hinn áfrýjaði dómur aðeins til endurskoðunar samkvæmt upphaflegri yfirlýsingu hans um áfrýjun ásamt áfrýjun af hálfu ákærvalds.

Fallist er á sakarmat í hinum áfrýjaða dómi með vísan til forsendna hans.

Af gögnum málsins má telja sýnt, að ákærði, sem var undir áhrifum áfengis, hafi ekið bifreiðinni SZ 094 á miklum hraða og mjög háskalega eftir Hafnarfjarðarvegi, þar til hann missti stjórn á henni og slys það varð, sem um ræðir í málinu. Samkvæmt því, sem fyrir liggur, varð farþegi í bifreiðinni fyrir verulegum meiðslum í slysinu. Þegar tillit er tekið til þessara atriða svo og sakaferils ákærða, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi sex mánuði. Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. og 2. og 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993. Þykir hæfilegt, að ákærði verði sviptur ökurétti ævilangt.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað, og verður ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Reynir Sigurjón Sigurjónsson, sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 31. október 1994.

Ár 1994, mánudaginn 31. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Finnþoga H. Alexanderssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-278/1994: Ákærvaldið gegn Reyni Sigurjóni Sigurjónssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. þ. m., er höfðað með ákæru sýslumannsins í Kópavogi, út gefinni 13. júlí 1994, á hendur Reyni Sigurjóni Sigurjónssyni, kt. 291061-3119, nú til heimilis að Skeljagrandu 2, Reykjavík, „fyrir að aka að kvöldi laugardagsins 16. apríl 1994 undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti bifreiðinni SZ-094 frá veitingastaðnum Keisaranum í Reykjavík í átt til Hafnarfjarðar, þar til ákærði ók á ljósastaur og girðingu á umferðareyju á Hafnarfjarðarvegi á móts við Kópavogsbraut í Kópavogi

með þeim afleiðingum, að Haukur Steinar Baldursson, kt. 130556-3029, sem var farþegi í bílnum, slasaðist“.

Brot ákærða eru talin varða við 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr., a- og b-lið, 36. gr. 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993, og til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds og að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns.

Fyrirkall var fyrst gefið út í málinu 14. júlí sl., en það tókst ekki að birta, þar sem ákærði var þá við veiðar í „Smugunni“. Nýtt fyrirkall, út gefið 4. þ. m., var birt ákærða 5. þ. m.

Niðurstaða.

Sannað þykir með vætti lögreglumannanna fjögurra, sem önnuðust frumrannsókn málsins, að ófært hafi verið að komast úr bifreiðinni um vinstri dyr að framan, þar sem ekki hafi verið hægt að opna þær nægilega, fyrr en klippt hafði verið á girðingu þá, sem bifreiðin lá upp við.

Með hliðsjón af þessu svo og vætti vitnisins Geirs Viðars Garðarssonar, sem ber, að hann hafi séð ákærða aka bifreiðinni frá veitingahúsinu Keisaranum skömmu fyrir slysið, vætti vitnisins Sigurlaugar Guðjónsdóttur, sem sá ákærða og Hauk Baldursson ganga að bifreiðinni fyrir utan Keisarann þetta kvöld, og því, að ákærði var í bifreiðinni á slysstað og að sjónarvottur að slysinu og þeir, sem fyrstir komu að því, urðu ekki varir við neinn fara út úr bifreiðinni, þykir lögfull sönnun komin fram fyrir því, að ákærði hafi ekið bifreiðinni, er slysið varð. Sannað þykir bæði með eigin framburði ákærða og niðurstöðu alkóhólakvörðunar, sem ekki hefur verið hnekkt, að hann var undir áhrifum áfengis, er hann ók. Háttsemi ákærða er rétt lýst í ákæru og rétt færð til refsíákvæða að öðru leyti en því, að ákærði var ekki sviptur ökurétti, þegar akstur átti sér stað, heldur réttindalaus. Ákærða var 27. september 1988 veitt heimild til ökuleyfis að nýju af dómsmálaráðuneytinu. Eftir það hefur hann verið dæmdur fyrir ölvunarakstur, 5. október 1990, í sakadómi Reykjavíkur, en hann var þá ekki sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærði á að baki langan sakaferil. Samkvæmt fram lögðu sakavottorði hefur hann verið dæmdur 26 sinnum til refsingar, einkum fyrir hegningar-

lagabrot. Þá hefur hann fimmtán sinnum gengist undir sektarrefsingu með dómsátt fyrir fíkniefnabrot og áfengis- og umferðarlagabrot. Frá árinu 1990 hefur hann sex sinnum verið dæmdur fyrir brot gegn 48. gr. umferðarlaga, síðast með dómi Héraðsdóms Reykjaness 10. janúar sl.

Refsing ákærða þykir með tilliti til 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi tvo mánuði.

Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. október 1990. Sá dómur hefur ítrekunaráhrif í máli þessu, að því er varðar sviptingu ökuréttar ákærða, og ber því samkvæmt 1. mgr., sbr. fyrri málslið 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993, að svipta ákærða ökurétti, og þykir sviptingartími hæfilega ákveðinn tvö ár frá birtingu dómsins að telja.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 40.000 kr., og sak-sóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 40.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Reynir Sigurjón Sigurjónsson, sæti fangelsi í tvo mánuði.

Ákærði skal sviptur ökurétti í tvö ár frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 40.000 kr., og sak-sóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 40.000 kr.
